

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ekkjuframfærslu- skyldu embættismanns.* — Með þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá forstjóra hins konunglega íslenska yfir- dóms Jóni Pjeturssyni, þar sem hann fer þess á leit, að hann samkvæmt 2. gr. 3. opins brjefs 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag verði undanþeginn því, að greiða eptirleiðis gjald fyrir lífsfje það, er getur um í brjefi ráðgjafans frá 14. ágúst f. á. En samkvæmt því hefir konu hans Sigprúði Friðriksdóttur verið keypt 680 kr. árlegt lífsfje eptir hans dag frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni 1871, og ætlar hann með þinglesnu skjali því, er útlagt fylgdi bónarbrjefi hans, að gefa henni tryggingu fyrir jafnháum árstekjum um lífstíð hennar af eign hans Brautarholti, Andriðsey og Holti á Kjalarnesi.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- ingar fyrir Jóni dómstjóra Pjeturssyni, að samkvæmt reglum þeim, er hingað til hefir verið fylgt, og sem ráðgjafinn finnur ekki ástæðu til að breyta út af, er það skilyrði fyrir undanþágu frá skyldu embættismanna til þess að tryggja konum sínum fjárstyrk eptir sinn dag, að þær tekjur, sem koma í staðinn fyrir lífsfje ekkjunnar, sem verða kann, sjeu útbúnar þeirri tryggingu, sem sje jafngild því veði, sem krafizt er fyrir ómagafje, t. d. innritun- arskirteini fyrir svo mikilli upphæð í konunglegum 4% ríkisskuldabryfum, að vextirnir þar af sjeu jafnmiklir og skylduupphæð lífeyrisins, jafnmikil upphæð í skuldabryfum með veði í fasteign, er orðuð eru og gefin út, eins og þau væru fyrir ómagafje, skuldabryf lánfjelaga og þess konar.

Af þessu leiðir, að ráðgjafinn hefir ekki sjeð sjer fært að fallast á bænarskrá þá, sem hjer er um að ræða.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyg- ingar.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 3. þ. m. hafið þjer sent hingað bænarskrá frá byggingarnefnd Lundarbrennkukirkju, þar sem hún fer þess á leit, að það 2000 kr. lán, sem Lundarbrennkusöfnuði var veitt með brjefi ráðgjafans frá 6. júlí f. á.¹ til að endurbyggja kirkjuna þar, megi afnemast og ávaxtast með 6% ár hvert af hinum upphaflega höfuðstóli, í stað þess að endurborga hann á 20 árum með 200 kr. á ári, og með því móti yrði allur höfuðstóllinn, þar sem ársvextir eru ákveðnir 4%, end- urborgaður á 28 árum. Hafið þjer meðal annars tekið það fram, að söfnuðurinn hafi nú fastráðið að byggja kirkjuna úr steini í staðinn fyrir að byggja hana úr timbri, eins og áður var áformað.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- ingar, að jeg eptir því, sem hjer er frá skýrt, veiti samþykki mitt til þess, að hið veitta lán verði endurborgað á hinn umbeðna hátt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að leggja niður Klofakirkju.* — Samkvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans fyrir Ísland,

1) Sjá stjórnartíðindi 1877 B. 117.

Hinn 29. október 1879.